

Föstudaginn 26. janúar 1962.

Nr. 74/1961. **Jóhann Benediktsson**

(Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

Bergi Gestssyni (Benedikt Sigurjónsson hrl.)

og Hraðfrystihúsi Gerðabátanna h/f

(Gústaf A. Sveinsson hrl.)

og gagnsök.

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
son, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor
Theódór B. Línđal.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. apríl 1961 og gjafsóknarleyfi 27. marz 1961, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl 1961 og krafizt þess, að gagnáfrýjendum verði in solidum dæmt að greiða honum kr. 210.699.57 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. apríl 1952 til 22. febrúar 1960 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjandi Bergur Gestsson hefur fengið áfrýjunarleyfi 19. maí 1961 og gjafsóknarleyfi 8. júní s. á. Hann hefur áfrýjað málinu með stefnu 25. maí 1961 og krafizt *aðallega* sýknu og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, *en til vara* lækkunar á bótakröfum aðaláfrýjanda og að málskostnaður falli þá niður.

Gagnáfrýjandi Hraðfrystihús Gerðabátanna h/f hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. október 1961, skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. nóvember s. á. Hann krefst *aðallega* sýknu, *en til vara* lækkunar á kröfum aðaláfrýjanda, og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi.

I.

Fallast ber á ákvæði héraðsdóms um sýknu gagnáfrýjanda Hraðfrystihúss Gerðabátanna h/f af kröfum aðaláfrýjanda.

II.

Aðaláfrýjandi átti upptökin að viðureign þeirri, er varð með honum og gagnáfrýjanda Bergi Gestssyni, er hann beitti valdi í því skyni að taka af gagnáfrýjanda vatnsslöngu þá, er hann hafði í höndum. Eftir fyrstu lotu þessara átaka beindi gagnáfrýjandi hins vegar vatnsslöngunni gegn aðaláfrýjanda, eins og í héraðsdómi greinir, en af því efni veittist aðaláfrýjandi að gagnáfrýjanda af nýju, og varð þá slysið. Þegar virt er aðstaða aðilja, þáttur þeirra hvors um sig í atburðum þeim, er til slyssins leiddur, og svo æska gagnáfrýjanda þykir rétt, að aðaláfrýjandi beri tjón sitt sjálfur að $\frac{3}{4}$ hlutum, en gagnáfrýjandi bæti honum það að $\frac{1}{4}$ hluta.

Með skirskotun til forsendna héraðsdóms

verður 1. kröfuliður aðaláfrýjanda tekinn	
til greina að fullu	kr. 3.675.00
Bætur samkvæmt 2. kröfulið aðaláfrýjanda	
þykja hæfilega metnar	— 150.000.00
Bætur samkvæmt 3. kröfulið ákveðast	— 20.000.00

Samtals kr. 173.675.00

Þar frá dragast slysabætur, er Trygginga-
stofnun ríkisins hefur greitt aðaláfrýj-

anda	kr. 40.950.43
------------	---------------

Kr. 132.724.57,

og ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda $\frac{1}{4}$ hluta þeirrar fjárhæðar, þ. e. kr. 33.181.14, ásamt 6% ársvöxtum frá 5. nóvember 1953 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, en fyrri vextir eru fyrndir, sbr. 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905.

III.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og hér fyrir dómi falli niður.

Málflutningslaun talsmanna aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda Bergs Gestssonar í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 12.000.00 til hvors þeirra, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi Hraðfrystihús Gerðabátanna h/f á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Jóhanns Benediktssonar.

Gagnáfrýjandi Bergur Gestsson greiði aðaláfrýjanda kr. 33.181.14 ásamt 6% ársvöxtum frá 5. nóvember 1953 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun talsmanna aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda Bergs Gestssonar í héraði og fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thorlacius og Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 12.000.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 26. nóvember 1960.

Ár 1960, laugardaginn 26. nóvember, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar af Jóni Finnssyni, fulltrúa bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var hinn 19. þessa mánaðar.

Mál þetta er höfðað með stefnu, útgefinni 5. nóvember 1957, af Jóhanni Benediktssyni, Óðinsgötu 22, Reykjavík, gegn Hraðfrystihúsi Gerðabátanna h/f og Bergi Gestssyni, Nýlendu, báðum í Gerðahreppi, til greiðslu in solidum skuldar, að fjárhæð kr. 237.543.20 með 6% ársvöxtum frá 4. apríl 1952 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar á meðal málssóknarlauna til skipaðs talsmanns.

Við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi kröfugerð

sinni og lækkaði stefnufjárhæðina í kr. 210.699,57 með 6% ársvöxtum frá 4. apríl 1952 til 22. febrúar 1960 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Samþykktu umboðsmenn stefndu, að breyting þessi kæmist að.

Stefnda, Hraðfrystihús Gerðabátanna h/f, krefst aðallega sýknu, en til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar að mati dómsins, og hvernig sem málið fer, krefst það sakarkostnaðar úr hendi stefnanda.

Af hálfu meðstefnda, Bergs Gestssonar, er aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómsins, en til vara lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir eru þessir:

Á vetrarvertíðinni 1952 voru stefnandi og stefndi, Bergur Gestsson, starfsmenn í hraðfrystihúsi í Gerðahreppi, eign Hraðfrystihúss Gerðabátanna h/f. Föstudaginn 4. apríl voru þeir við vinnu í flökunarsal hraðfrystihússins ásamt fleiri starfsmönnum. Stefndi, Bergur, vann við fiskflökun, en stefnandi var að gella fisk. Stefndi hafði verið að hreinsa flökunarborðið, sem hann vann við, og notaði til þess vatnsslöngu, er hann hélt á í vinstri hendi, en í hægri hendi hélt hann á flatningshníf.

Stefnandi skýrir þannig frá, að gólfíð þar sem hann var við vinnu sína, hafi verið orðið slorugt, og því hafi hann beðið stefnda, sem hafi verið búinn að hreinsa hjá sér, um vatnsslönguna til þess að hreinsa gólfíð, en stefndi hafi neitað að láta slönguna af hendi. Kveðst stefnandi þá hafa tekið í slönguendann og gert ráð fyrir því, að stefndi myndi sleppa slöngunni. Þess í stað hafi stefndi brugðið flatningshníf sínum á slönguna og skorið hana í sundur. Hélt stefnandi eftir smábút. Því næst kveður hann stefnda hafa gengið aftur á bak og haldið slöngunni þannig, að vatnið sprautaðist á sig. Hafi hann þá gengið að stefnda, tekið um enda slöngunnar með hægri hendi og beygt hann svo, að vatnið sprautaðist á stefnda. Jafnframt hafi hann reynt að grípa í öxlina á stefnda, er vék sér undan og reyndi að snúa slönguna af stefnanda. Kveður stefnandi það ekki hafa skipt neinum togum, að stefndi brá hnífnum á nýjan leik og ætlaði að skera slönguna aftur í sundur, en hnífurinn lenti á innanverðum hægri úlnið stefnanda og skar í sundur æðar og sinar inn í bein.

Stefnandi heldur því fram, að hann hafi ekki ætlað að skipta sér frekar af stefnda, þegar hann var búinn að skera slönguna

í sundur, og hafi hann ætlað að snúa sér að vinnu sinni, er stefndi byrjaði að sprauta á hann.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að hann hafi ekki verið búinn að nota slönguna, er stefnandi bað um hana. Hafi þeir átt orðaskipti um þetta, en allt í góðu. Stefnandi hafi síðan gripið um slönguendann þannig, að ca. $\frac{1}{2}$ metri var á milli handtaka þeirra. Hafi orðið átök um slönguna og stefnandi því næst snúið slönguopinu að stefnda, svo að vatnið sprautaðist á hann. Kveðst stefndi þá hafa skorið slönguna í sundur milli handtaka þeirra og snúið vatnsbununni að stefnanda. Hann kveðst hafa tekið stimpingar þessar sem glettni og leik, þótt nokkurrar stífnir gætti. Þessu næst kveður stefndi stefnanda hafa stokkið á sig, gripið sig höfuðtaki, að hann minnti. Engin átök hafi þó orðið, því að hann hafi ekki tekið á móti stefnanda, sem svo að segja samstundis hafi hrökklazt undan og rekið upp vein. Ekki kveðst stefndi hafa áttað sig á því þá þegar, hvað gerzt hafði. Stefnandi neitaði því eindregið, að hafa brugðið hnífnum öðru sinni til þess að skera á slönguna, enda ekkert svigrúm til þess, þar sem árás stefnanda hafi borið svo brátt að.

Sakadómsrannsókn fór fram út af atburði þessum, og voru skýrslur teknar af vitnum í sambandi við hana, en einnig hafa þau vitni, sem eitthvað sáu af viðureign stefnda og stefnanda, mætt í þessu máli, og verður nú framburður þeirra rakinn.

Vitnið Hallmann Sigurðsson kveðst aðeins hafa lítið um öxl og séð stefnda sprauta á stefnanda, sem í sömu svifum hafi hlaupið á stefnda, þ. e. nálgast hann, en hrökklazt þegar frá honum, og spýttist blóð úr hendi hans.

Vitnið Eggert Ólafsson Guðmundsson fylgdist ekki stöðugt með viðureign stefnda og stefnanda. Það sá þá togast á um slönguna. Eftir slysið varð það vart við, að stefnandi var rennblautur.

Vitnið Sumarliði Eiríksson veitti því athygli, að stefnandi og stefndi voru að kíta út af vatnsslöngu, sem stefndi var með, en í galsa. Því næst sá það stefnda sprauta á stefnanda, sem hljóp þá á stefnda. Minnti vitnið, að þeir hefðu verið í ryskingum og tekið hvor í annan, auk þess sem þeir tókust á um slönguna. Hafi þeir gengið fast hvor að öðrum, og hafi þá ekki skipt nema fáum sekúndum, að stefnandi hörfaði til baka og hljóp fram gólfið með hljóðum.

Vitnið Örn Erlingsson kvað stefnda hafa sprautað síðast á stefnanda, sem hafi gengið nær honum í því skyni að taka af

honum slönguna. Skipti þá engum togum, að stefnandi hrökk til baka, og sá vitnið, að hönd hans var alblóðug.

Vitnið Sölvi Kriststeinn Þórðarson bar, að stefndi hefði verið búinn að hreinsa flökunarborðið, er stefnandi ætlaði að fá slönguna. Stefndi hafi tekið slönguna upp af gólfinu og ekki viljað sleppa henni við stefnanda, sem hafi farið aftur að vinnu sinni. Þá hafi stefndi byrjað að sprauta á stefnanda, en honum hafi tekizt að komast aftan að stefnda og eftir smástimpingar að seilast fram fyrir hann og beygja slönguna þannig, að vatnsrennslíð stöðvaðist. Leit vitnið þá af þeim, en í sömu mund rak stefnandi upp ógurlegt vein.

Vitnið Eyjólfur Kristinn Eyjólfsson sá, er því var litið upp frá vinnu sinni, að stefndi stóð og sprautaði á stefnanda, sem því virtist verða holdvotur. Stefndi hafi hörfað undan, hlaupið á hlið til við stefnda og aftan að honum, gripið yfir háls hans og herðar og í sama bili rekið upp vein og hlaupið út.

Umræddan dag var verkstjóri hraðfrystihússins ekki á vinnustað vegna veikinda, en mun hafa falið öðrum manni verksumsjón þennan dag, en hann var ekki staddur í flökunarsalnum.

Stefnandi var fyrst fluttur til lækni í Keflavík og þaðan á Landspítalann, en þar lá hann til 23. maí 1952.

Í vottorði Friðriks Einarssonar lækni segir svo um meiðsli stefnanda:

„Við athugun kom í ljós þverskurður á hægri úlnlið sjúklingsins, lófamegin. Voru allar flexorsinarnar í sundur, bæði grynna og dýpra búntið, og náði skurðurinn alveg inn að beini. Taugar voru einnig í sundur (nervus medianus og nervus ulnaris). Einnig báðar slagæðarnar. Þá var og opið inn í úlnliðinn.“

Hinn 3. marz 1954 mat tryggingayfirlæknir örorku stefnanda sem hér segir:

Frá slysdegi til 30. júní 1952	100%
— 1. júlí 1952—31. des. 1952	80%
— 1. jan. 1953—30. júní 1953	70%
— 1. júlí 1953—31. okt. 1953	60%
— 1. nóv. 1953—31. jan. 1954	50%
— 1. febr. 1954	40% p.t.

Hinn 15. febrúar 1955 var örorka stefnanda metin á ný, og varð niðurstaðan 35% varanleg örorka. Í vottorði tryggingalæknisins segir, að engin vöðvarýrnun sé nú mælanleg á framhand-

leggnum, en mikil rýrnun sé á þumalfingursvöðvum á hægri hendi, og aðrir vöðvar handarinnar nokkuð rýrnaðir. Slasaði geti ekki rétt finger hægri handar til fulls aktivt, en geti kreppt finger í lófa með litlum krafti. Þumalfingur nær alveg stífur í fullri réttingu. Aðeins lítilsháttar hreyfing í fremsta og næstfremsta lið hans. Slasaði hálf dofinn í allri hendinni.

Stefnandi var skoðaður enn á ný 7. október 1959, en niðurstaða örorkumatsins varð sú sama.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á hendur stefnda, Bergi Gestssyni, á því, að stefndi hafi átt alla sök á slysinu. Kröfur sínar á hendur Hraðfrystihúsi Gerðabátanna rökstyður stefnandi þannig, að atvinnurekandinn beri ábyrgð á því tjóni, sem starfsmaður hans valdi í starfi, að starfið hafi verið hættulegt og loks að eftirliti með starfsmönnum hraðfrystihússins hafi verið ábótavant.

Krafa stefnanda sundurliðast þannig:

1. Útlagður kostnaður	kr.	3.675.00
2. Atvinnutjón	—	222.975.00
3. Bætur fyrir þjáningar og lýti	—	25.000.00

Kr. 251.650.00

4. ÷ Slysabætur frá Tryggingastofnun ríkisins	kr.	40.950.43
--	-----	-----------

Kr. 210.699.57

Stefndi, Bergur Gestsson, reisir aðalkröfu sína á því, að hann eigi enga sök á slysinu, og varakröfu, að skipta beri sökinni þannig, að stefnandi beri meginhluta sakar, og höfð sé hliðsjón af 2. mgr. 21. gr. laga nr. 95/1947.

Stefndi, Hraðfrystihús Gerðabátanna h/f, reisir sýknukröfu sína á því, að atferli stefnda og stefnanda standi í engu sambandi við störf þeirra í þágu hraðfrystihússins og engin sök verði fundin hjá verkstjóra þess. Varakröfuna reisir það á sömu forsendum og meðstefndi, Bergur, sína.

Verður þá fyrst vikið að kröfum stefnanda á hendur Hraðfrystihúsi Gerðabátanna h/f. Telja verður, að atferli stefnanda og stefnda sé það fjarlægt starfsskyldum þeirra sem starfsmanna hraðfrystihússins, að slysinu verði ekki jafnað til slyss í starfi. Af því leiðir einnig, að ekki getur verið um ábyrgð að ræða, sökum þess að starfið sé hættulegt. Engin rök hafa verið færð að því, að verksumsjón og verkstjórn hafi almennt verið ábóta

vant hjá hinu stefnda félagi. Atvik gerast einnig með svo skjótum hætti, að þeir, sem viðstaddir eru, átta sig ekki, fyrr en allt er um garð gengið. Er því engin vissa fyrir því, að verkstjóra hefði gefið ráðrúm til þess að skakka leikinn, þótt hann hefði verið staddur í flökunarsalnum, enda verður þess naumast krafist, að vanir starfsmenn séu undir stöðugu eftirliti verkstjóra. Þeir menn, sem voru í flökunarsalnum, voru allir fullorðnir og flestir vel rosknir, að undanskildum stefnda, Bergi, og tveimur unglingum á líku reki.

Samkvæmt framansögðu ber því að sýkna stefnda, Hraðfrystihús Gerðabátanna h/f, af kröfum stefnanda í máli þessu.

Framburðir vitna, sem raktir hafa verið hér að framan, skera ekki úr um þau atriði, sem á milli ber í framburði aðilja, en samkvæmt fyrrgreindum framburðum má telja eftirfarandi upplýst. Stefnandi reynir að taka vatnsslönguna af stefnda með valdi, þegar stefndi neitar að afhenda hana, og togast á við hann um hana. Stefnandi byrjar að sprauta á stefnanda eftir að hafa skorið slönguna í sundur. Stefnandi hleypur þá að stefnda, grípur um slönguna, snýr vatnsbununni að honum, og virðist það ekki skipta neinum togum, að hann stórslasast. Ósannað er, að stefndi hafi brugðið hnífnum í síðara skiptið. Allan tímann, sem aðiljar áttust við, hélt stefndi á vatnsslöngunni í annarri hendi og hnífnum í hinni.

Þegar slysið varð, var stefnandi tæpra 42 ára gamall, en stefndi tæplega 16 ára, fæddur 14. júní 1936.

Ljóst er, að stefndi, Bergur Gestsson, hefur með áreitni sinni við stefnanda og óforsvaranlegri meðferð á hættulegu bitvopni átt verulegan þátt í slysinu. Hins vegar hagaði stefnandi sér einnig mjög óvarlega í viðskiptum sínum við unglinginn og virðist hafa átt sinn þátt í því að koma honum til við sig. Þótt stefnanda væri vorkunn að vilja ekki standa undir vatnsbununni frá stefnda, mátti honum vera það ljóst, að frekari átök við hann voru stórhættuleg, þar sem stefndi hélt á hárbeittum flatningshníf í hendinni.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verða stefnandi og stefndi taldir eiga jafna sök á slysinu. Hins vegar þykir, með hliðsjón af aldri stefnda, efnahag og öðrum atvikum og samkvæmt lögjöfnun frá 2. mgr. 21. greinar laga nr. 95/1947 rétt að skipta fébótaábyrgðinni þannig, að stefndi beri $\frac{1}{3}$ hluta, en stefnandi sjálfur $\frac{2}{3}$ hluta hennar.

Verða þá einstakir kröfuliðir bótakröfunnar teknir til athugunar:

Um 1. Kröfulið þessum, sem er útlagt fé vegna máls þessa, er ekki mótmælt, og verður hann því tekinn til greina að fullu.

Um 2. Árni Björnsson tryggingafræðingur hefur tvívegis reiknað út vinnutekjutap stefnanda. Fyrri útreikningurinn var gerður 30. janúar 1956. Reikningsgrundvöllurinn var 4% vextir p.a., og miðað við breytilega örorku frá 4/4 '52—15/2 '55 og 35% varanlega örorku frá þeim tíma til 67 ára aldurs, launatekjur dagsbrúnarverkamanns og 2400 vinnustundir á ári. Samkvæmt þessum útreikningi reyndist atvinnutjón stefnanda 268.118.63 kr., og voru kröfur hans upphaflega miðaðar við þennan útreikning. Hinn 3. október s.l. reiknaði tryggingafræðingurinn atvinnutjón stefnanda út á ný. Var tjónið umreiknað í kapítalverð pr. slysdag 4. apríl 1952, miðað við 35% örorku, sama vinnustundafjölda og kauptaxta og áður, en 6% vexti, í stað 4% p.a. áður. Við útreikning á tilfallandi atvinnutjóni frá 4/4 1952—4/4 1960 og á atvinnutjóni frá 4/4 1960 vegna varanlegrar örorku frá þeim tímamótum, kr. 16.971.00 árlega, er byggt á innlendri reynslu um dánarlíkur karla á árunum 1941—1950 og stuðzt við sænska reynslu um líkur fyrir missi starfsorku. Samkvæmt þessu er miðað við, að menn á aldri stefnanda, þegar slysið verður, haldi starfskröftum til rúmlega 65 ára aldurs.

Lögð hafa verið fram í málinu staðfest eftirrit af skattframtölum stefnanda. Árin 1948—1950, er stefnandi bjó að Hlíð í Húsavíkurhreppi, voru tekjur hans kr. 12.984.00 (þar af kr. 6.900.00 af landbúnaði), kr. 10.674.00 (þar af kr. 2.180.00 af landbúnaði), kr. 9.466.00 (þar af kr. 69.00 af landbúnaði). Samkvæmt þessu er einfalt meðaltal af heildartekjum þessara ára 51.3% af launatekjum dagsbrúnarverkamanns. Upplýsingar vantar um tekjuárið 1951, og árið 1952 var stefnandi alger öryrki ¾ hluta ársins. Tekjur stefnanda 1953—1958 og samanburður við dagsbrúnarkaup, miðað við 2400 vinnustundir, verður sem hér segir:

	Tekjur stefnanda	Tekjur dagsbrúnarverkamanns
1953	kr. 0	kr. 36.621.00
1954	— 20.000.00	— 36.811.00
1955	— 12.000.00	— 40.942.00

1956	kr. 34.052.00	kr. 45.994.00
1957	— 54.026.00	— 47.333.00
1958	— 79.516.00	— 50.087.00

Telur tryggingafræðingurinn, að útreikningur á atvinnutjóni stefnanda, sem miðaður væri við lágt metnar tekjur hans af landbúnaði og stopular tekjur af daglaunavinnu á Húsavík, myndi ekki leiða til rétttrar niðurstöðu, þar sem hann hefði eftir flutning sinn til Reykjavíkur haft jafna aðstöðu til tekjuöflunar samkvæmt Dagsbrúnartaxta og aðrir þar búsettir, ef hann hefði ekki slasast. Niðurstaða tryggingafræðingsins er sú, að tjónið, umreiknað í kapítalverð pr. slysdag, nemi alls kr. 222.975.00.

Af hálfu stefnda, Bergs, hefur þessari aðferð tryggingafræðingsins verið mótmælt, þar sem raunverulegar tekjur stefnanda hafi verið mun minni en verkamanns í Reykjavík, sem vinnur fulla vinnu. Eins og fram kemur í yfirlitinu hér að framan, eru tekjur stefnanda 1957 og 1958 orðnar hærri en meðaltekjur dagsbrúnarverkamanns, en þrjú næstu árin þar á undan eru þær allmiklu lægri, einkum árin 1955 og 1954, enda þótt örorka hans sé svipuð þá og hún er nú.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og með tilliti til þess, að dæmdar fébætur verða ekki taldar stefnanda til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars, að miðað er við stöðuga atvinnu og loks að vextir eru nú almennt hærri en 6%, þykir örorkutjón stefnanda, þegar frá eru dregnar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, hæfilega áætlaðar kr. 95.000.00.

Um 3. Þegar virt eru þau meiðsli, er stefnandi hlaut, og varanleg lýti, eins og þeim er lýst hér að framan, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega metnar kr. 15.000.00.

Vaxtakröfum stefnanda fyrir 5. nóvember 1953 hefur verið mótmælt sem fyrndum, og ber samkvæmt 3. gr., 2. tl., fyrningarlaga nr. 14/1905 að taka þá kröfu til greina.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins þau, að stefnda, Bergi Gestssyni, verður dæmt að greiða stefnanda $\frac{1}{3}$ hluta af kr. 113.675.00 (kr. 95.000.00 + 15.000.00 + 3.675.00), þ. e. kr. 37.891.67 auk vaxta, eins og krafizt hefur verið, frá 5. nóvember 1953.

Mál þetta er bæði gjafsóknar- og gjafvarnarmál, og þykja laun hinna skipuðu lögmannna aðilja, Magnúsar Thorlacius hrl. og Benedikts Sigurjónssonar hrl., hæfilega ákveðin kr. 6.000.00 til

hvors, og greiðist úr ríkissjóði. Að öðru leyti þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Hraðfrystihús Gerðabátanna h/f á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóhanns Benediktssonar, í máli þessu.

Stefndi Bergur Gestsson greiði stefnanda, Jóhanni Benediktssyni, kr. 37.891.67 auk 6% ársvaxta frá 5. nóvember 1953 til 22. febrúar 1960 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Málflutningslaun lögmanna gjafsóknar- og gjafvarnarhafa, Magnúsar Thorlacius hrl. og Benedikts Sigurjónssonar hrl., kr. 6.000.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði, en að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. janúar 1962.

Nr. 98/1961. **Halldór Ólafsson** (Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

Halldóri Sigurðssyni og

Sigríði Bogadóttur (Páll S. Pálsson hrl.)

og til réttargæzlu

Jóhannesi Hannessyni

(Ólafur Þorgrímsson hrl.)

og

Þorleifi Finnbogasyni (Enginn).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
son, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor
Theódór B. Línal.

Deilt um skúr og lóðarréttindi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. maí 1961 og krafizt sýknu af kröfum stefndu